



Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	26. febrúar 2024 kl. 13:00-15:00
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	19
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Björn Zoéga, Sólrún Kristjánsdóttir, Höskuldur H. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir.
<u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> :	Marta Jóns- og Hjördísardóttir, Örvar Gunnarsson
<u>Aðrir</u> :	Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Þórunn Oddný Steinsdóttir skrifstofustjóri.
Fjarverandi:	Ingileif Jónsdóttir
Gestir:	Gunnar Ágúst Beinteinsson, Lilja Stefánsdóttir, Jón Hilmar Friðriksson, Halla Gunnarsdóttir, Andri Ólafsson, Róbert Magnússon, Elísabet Benedikz.
Fundarstjóri:	Björn Zoéga, formaður
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

Dagskrá

1. Fundargerð

Fundargerð janúarfundar, dags. 26. janúar, samþykkt.

Stjórn ræðir stöðu innri endurskoðanda og hvar eðlilegt sé að hann standi í skipuriti stofnunarinnar, hvort hann heyri undir forstjóra eða stjórn. Rætt um mikilvægi rýni innri endurskoðanda á klínískri þjónustu spítalans og að áherslur innri endurskoðanda á sjúkrahúsum séu yfirleitt; þjónusta við sjúklinga, skilvirkni og hvort starfsemi samræmist regluverki. Rætt um fyrirkomulag innri endurskoðanda á öðrum stofnunum, m.a. á sjúkrahúsum á Norðurlöndunum. Á Karolinska háskólasjúkrahúsinu er einn innri endurskoðandi sem fær beiðni um að ráðast í tiltekin verkefni en síðan fengið er utanaðkomandi teymi til að vinna með honum. Áréttað að margar leiðir séu til að ná árangri í innri endurskoðun og skoða þurfi hvernig spítalinn geti náð sem bestum árangri á þessu sviði.

Stjórn leggur áherslu á að innri endurskoðandi rýni klíníska þjónustu spítalans.

Afstaða stjórnar er að innri endurskoðandi spítalans eigi að svara til stjórnar spítalans.

Bókun: Ákveðið að stjórn samþykki fyrirkomulag innri endurskoðanda á næsta fundi stjórnar, þ.e. hvort innri endurskoðandi heyri undir forstjóra spítalans eða stjórn spítalans.

Skýrsla forstjóra

Forstjóri upplýsir stjórn um viðbrögð spítalans við jarðhræringum á Reykjanesi. Viðbúnaður var settur í gang þar sem þurfti að undirbúa fjölgun sjúklinga ef kæmi til þess að rýma þyrfti stofnanir á Reykjanesi og flytja sjúklinga á Landspítala. Forstjóri áréttar að hann hafi hvatt heilbrigðisyfirvöld til að horfa á kerfið sem eina heild þegar viðbrögð erum metin.

Rætt um varabirgðir spítalans á heitu vatni ef að kemur til langvarandi heitavatnsskorts á Reykjanesi.

Forstjóri upplýsir um auglýsingar á störfum forstöðulækna, forstöðuhjúkrunarfræðinga og forstöðumanna. Góðar umsóknir bárust og nú er unnið að ráðningu.

Forstjóri upplýsir stjórn um kynningar á nýju skipuriti sem gerðar voru í formi myndbanda.

Farið yfir umfjöllun sem hefur verið um bráðabirgðaafkomu spítalans á síðasta ári. Umfjöllunin var á jákvæðum nótum þar sem spítalinn var með rúmlega 600 milljóna króna jákvæða rekstrarafkomu á síðasta ári. Ráðherra

skrifaði einnig grein um málið sem hann birti á vísir.is. Stjórnarmenn sammála um að þetta hefði verið jákvæð umræða. Stjórnarmenn bentu á mikilvægi þess að ætíð væri fjallað fyrst um mikilvægi þjónustu við sjúklinginn í þessu samhengi. Samanburður við önnur lönd skipti einnig máli í umfjöllun um spítalann.

Forstjóri áréttar þá áherslu sem nú hefur verið við lýði og varðar bætt samskipti við sjúklinga. Í tengslum við það verði til að mynda gerð sú breyting að stöðugildi talsmanns sjúklinga færist inn á skrifstofu forstjóra. Þessi starfsmaður hefur heyrt undir framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar en með aukinni áherslu á málaflokkinn og með áherslu á hlutleysi stöðugildisins verði það fært inn á skrifstofu forstjóra. Staðan verði auglýst á næstunni.

Forstjóri upplýsir stjórn um að breytingar hafi verið gerðar á lögfræðipjónustu stofnunarinnar og nú í mars taki til starfa yfirlögfræðingur á skrifstofu forstjóra. Honum verði ætlað að tryggja aukinn lögfræðilegan stuðning og samræmingu lögfræðilegrar vinnu innan stofnunarinnar.

Upplýst að nú liggi fyrir lagaleg greining á málefnum sem varða hlutastörf starfsmanna og að það sé umfangsmikið verkefni að ná utan um samhliðastörf starfsmanna stofnunarinnar og taka afstöðu til þeirra á þann hátt sem lögin gera ráð fyrir. Gert sé ráð fyrir að hægt verði að kynna niðurstöður vinnunnar á næsta eða þann næsta fundi stjórnar. Einnig sé verið að skoða sameiginleg störf á spítalanum og Háskóla Íslands. Áhersla verði lögð á að greina framlag þessara aðila á hvorum stað fyrir sig.

Þjónustukannanir spítalans ræddar og mikilvægi þess að þær séu staðlaðar. Aftur vísað til aukinnar áherslu á upplifun sjúklinga og aðstandenda og vísað til nýs stöðugildis talsmanns sjúklinga. Einnig lögð áhersla á samburð við erlend sjúkrahús.

Farið yfir legurýmanýtingu sem er komin vel yfir 100%, n.t.t. 115% á skurðlækningasviði, 111% á hjarta- æða- og krabbameinssviði, 70% á kvenna- og barnasviði (án fæðingar- og vökudeilda), 116% á lyflækninga- og bráðasviði, 103% á öldrunar- og endurhæfingarsviði og 93% á geðsviði (án réttargeðeildar). Rætt um æskilega rúmanýtingu. Oft talað um að æskileg rúmanýting sé 85% en það er nokkur einföldun.

Farið yfir aukningu í legum á árinu en aukningin er um 1.123 legur eða um 4,3% sem er mikil aukning. Einnig farið yfir göngu- og dagdeildarsamskipti en þar var aukning um 7,7% og rafræn samskipti jukust um 7%. Að mati forstjóra liggja mikil sóknarfæri innan þessarar starfsemi. Þá er aukning mikil milli ára í framkvæmdum skurðaðgerðum, en þær fór úr 19.526 aðgerðir sem framkvæmdar voru árið 2022 í 21.072 aðgerðir framkvæmdar árið 2023. Er þetta um 7,9% aukning eða alls um 1546 fleiri aðgerðir framkvæmdar árið 2023 en á fyrra ári.

Upplýst að Landspítali var valið UT fyrirtæki ársins 2023. Mikilvægt að lyfta þessum góða árangri og undirstrika það góða starf sem unnið hefur verið á Landspítala. Nýlega fékk spítalinn *Digital Maturity Assessment* en þróast hefur ágætt samstarf milli Landspítala og NLSH og mat verið lagt á okkar stafrænu innviði. Á næstunni kemur út skýrsla þar sem fjallað verður um úttektina. Innviðir fengu góða einkunn, öryggi þeirra kom vel út. Þetta verður að teljast jákvætt og ákveðin staðfesting á gríðarlegum tækifærum í þróun Heilsugáttar.

Fjármál

Gunnar Ágúst Beinteinsson kemur inn á fund.

Farið yfir bráðabirgðauppgjör janúar til desember 2023. Tekjur vegna ósjúkratryggðra jukust umtalsvert eða um 26% frá fyrra ári. Óbættur kostnaðarauki vegna kjarasamninga og halli á yfirvinnu hefur neikvæð áhrif. Þá mynda aukin umsvif vegna fjölgunar sjúklinga, lyfjakaupa og annarrar þjónustu umfram áætlun ófyrirséðan kostnaðarauka. Viðbótarframleiða umfram áætlun var 5% á síðasta ári og var fjárveiting vegna þessarar viðbótarþjónustu í rúmlega 1,2 milljarðar króna.

Farið yfir frávikagreiningu og í framhaldinu afkomugreiningu. Loks niðurstöður bráðabirgðauppgjors, en niðurstaða þess er sú að tekjuafgangur er um 0,2% af rekstrarframlagi.

Fjárfestingaáætlunin kynnt stuttlega. Af henni er ljóst að mikil fjárþörf er á liðnum og ekki fjármunir til að fara í þau verkefni sem þarf að setja af stað. Einnig farið stuttlega yfir 5 ára fjárfestingaáætlun í tækjum en lækkun á raunfjárveitingu til tækjakaupa er um 600 milljónir.

Stjórnarmenn óska upplýsinga um fjármuni sem spítalinn fær að gjöf. Stjórn telur mikilvægt að skýr umgjörð sé um fjárveitingar frá utanaðkomandi aðilum.

Ímynd Landspítala

Andri Ólafsson og Halla Gunnarsdóttir koma inn á fund.

Farið yfir dæmi um hvernig spítalinn endurspeglast í fjölmiðlum, ímynd og hvernig samskiptateymi spítalans nálgast þau verkefni. Nýlegt dæmi um umfjöllun um rekstrarafkomu spítalans kynnt og varpað ljósi á samhliða áskoranir sem birtast í fjölmiðlum í formi frásagna notenda. Einnig gefin dæmi um umfjöllun á vegum spítalans í tengslum við umfjöllun sem ætlað er að varpa ljósi á staðreyndir sem tengjast málinum. Þá var samstarf við nágrannasjúkrahús nefnt og hvernig smæð okkar hefur áhrif á samskiptamál sem tengjast starfsemi spítalans.

Farið yfir samskiptastefnuna og hvernig við höfum unnið samkvæmt henni síðasta árið og hver árangurinn er. Farið yfir hvernig við nálgumst umræðu um ímynd spítalans og hvernig við teljum hana uppbyggða. Megináherslan hefur verið á að fjalla um starfsemina, fjallað um það sem gert er í starfseminni út frá gildum hennar, fagmennsku, öryggi, framþróun og umhyggju.

Aðgerðaráætlun í samskiptamálum kynnt stuttlega og hver meginatriði hennar eru. Áhersla lögð á faglega ásýnd m.a. í því efni sem miðlað er á stafrænum miðlum. Dæmi sýnd um breytingar á framsetningu stafræns efnis. Einnig er verið að leggja lokahönd á leiðbeininga um fjölmiðlaþátttöku starfsmanna. Í framhaldinu verður fjölmiðlaþjálfun fyrir ákveðna stjórnendur. Þá er unnið með alþjóðlega daga og sérstaklega skipulagt með hvaða hætti fjallað er um fjármál spítalans.

Farið yfir mælingar á árangri og hvernig við metum ímynd spítalans.

Stjórn lýsir ánægju með að markvisst sé brugðist við fréttum og umfjöllun. Tækifæri í samskiptum við skjólstæðingana, t.d. í ljósi smæðar, viðruð.

Halla, Andri og Gunnar víkja af fundi:

Nýr Landspítali

Jón Hilmar Friðriksson og Lilja Stefánsdóttir koma inn á fund.

Stjórn upplýst um stöðu hagræðingarvinnu í tengslum við verkefnið nýs Landspítala. Spítalinn hefur lagt áherslu á að ekki verði hagrætt með þeim hætti að það geti komið niður á starfsemi eða þjónustu fyrirhugaðs spítala. Upplýst að endurskoðaðar fjárhags- og tímaáætlanir eigi að liggja fyrir í lok mars.

Úttekt á hugbúnaðarmálum stuttlega nefnd og vísað til umfjöllunar forstjóra. Samkvæmt RACI matrixu ber NLSH ábyrgð á þróun upplýsingakerfa í nýju og endurgerðu húsnæði. Umfangsmikilli úttekt á sjúkraskrárkerfum (EMRAM) og upplýsingatækniinnviðum (INFRAM) er lokið. Vinna með norskum ráðgjöfum (Vali) stendur yfir þar sem afurðin á að verða upplýsinga- og samskiptatækniáætlun. Lokaáætlun á að liggja fyrir í júní nk. Vonir standa til þess að hægt verði að hefja fyrstu verkefnið sem koma út úr áætluninni í haust.

Staða undirbúnings áfanga 2 kynnt stuttlega. Undirbúningi miðar vel en öll Hringbrautarlóðin er til skoðunar. Því lýst yfir að framfaraskref sé fyrir Landspítala að fá góðar tillögur um hvernig skipuleggja eigi Hringbrautarlóðina, hvað haldið verði eftir af eldri byggingum og hvað verði byggt nýtt.

Stjórnarmenn óska eftir því að fá yfirlit yfir allar ráðstafanir sem gerðar verða varðandi vá.

Jón Hilmar og Lilja víkja af fundi.

Gæðamál

Róbert Magnússon og Elísabet Benedikz koma inn á fund.

Elísabet fer yfir heildarmynd gæðamála á spítalanum. Gæðadeildin hefur umsjón með vinnu sem tengist framenda gæðamála, þ.e. innleiðing gæðakerfa, framkvæmd gæðastefnu og innleiðingu vottunarferlis o.fl., en stjórnáráðgæðingurinn bakendann, þ.e. fagleg stjórnáráðgæðingur meðferð mála, eftirlit, réttindi og skyldur, kröfur til starfsmanna og starfsmanna um fylgni við reglur og fagleg viðmið.

Helstu verkefnaflokkar deildar stjórnáráðgæðinga klínískrar þjónustu eru lögfræðileg mál (atvikateymið), ábendingar og athugasemdir, alvarleg sjúklingaávik, kvartanir, bótamál, samskipti við ytri aðila, fræðsla og stuðningur við gæðastjóra og stjórnendur, fagleg og lögfræðileg álitamál. Fagleg sjúkraskrármál falla undir verkefni skrifstofunnar, þ.e. aðgangsmál, eftirlit með notkun sjúkraskrár, ritstjórn sjúkraskrár, ýmis þróunarverkefni og samvinna við þróunarsvið. Þá falla önnur fagleg mál eins og miðlæg staðfesting á verklagi, úttektir og töluleg gögn, upplýsingagjöf, gæðavísar, gæðagagnagrunnar, klínískar leiðbeiningar, kennsla og fleira undir skrifstofuna.

Farið yfir þróun í skráðum atvikum sl. 5 ár. Skráðum atvikum hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár og frá því skráning atvika hófst. Nú eru um 5000 skráð atvik á ári, en af þessum atvikum eru langflest ekki alvarleg atvik, um 5% þeirra eru meðalalvarleg og alvarleg atvik hafa verið milli 10 og 20 á ári, en talsverðar sveiflur hafa verið milli ára. Í fyrra voru skráð alvarleg atvik 14 á spítalanum en spítalinn hefur tilkynnt fleiri atvik en alvarlegu atvikin til embættis landlæknis. Í fyrra voru 18 atvik tilkynnt til embættisins en ákvörðun um tilkynningu byggir á tveggja flokka greiningu.

Farið yfir skiptingu atvika eftir einingum spítalans. Öll atvik eru rannsökuð.

Aðferðafræði rótargreininga var innleidd á spítalanum árið 2013 en spítalinn hefur hörfað frá því fyrirkomulagi sem þá var innleitt og rannsókn atvika unnin í meira mæli innan gæðadeildar og í samstarfi við gæðastjóra.

Tölfræði í umfangi mála kynnt, annars vegar mála innanhúss og hins vegar mála sem tengjast öðrum stjórnvöldum, s.s. Embætti landlæknis.

Nefnd um aðgang að sjúkraskrár upplýsingum kynnt stuttlega. Nefndin fjallar um óskir einstaklinga um aðgang að sjúkraskrárupplýsingum eða önnur álitamál sem varða aðgang að sjúkraskrá. Mikil aukning hefur orðið í umfangi mála hjá nefndinni.

Eftirlitsnefnd um rafræna sjúkraskrá einnig kynnt stuttlega en heilbrigðisstofnunum ber að hafa virkt eftirlit með því að ákvæðum sjúkraskrárlaga sé framfylgt, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um sjúkraskrá nr. 55/2009. Athuganir eru framkvæmdar innan Landspítala vegna kvartana eða ábendinga um öryggisbrest en einnig eru framkvæmdar frumkvæðisrannsóknir.

Farið stuttlega yfir ný lög sem varða refsíabyrgð heilbrigðisstofnana og rannsóknir alvarlegra atvika. Stofnunum og rekstraraðilum sem veita heilbrigðisþjónustu verður skylt að hafa innviði til að sinna lögbundnum skyldum sínum, þeim ber að skipuleggja starfsemi sína þannig að heilbrigðisstarfsmenn geti staðið við skyldur sínar og skulu hafa virkt eftirlit með starfsemi sinni og þeirri þjónustu sem þeir veita. Ákvæði um rannsókn alvarlegra atvika hefur verið gert ítarlegra, hámarks málsmeðferðartími er nú 6 mánuðir, aðkoma sjúklinga eða aðstandenda betur tryggð og nú geta sjúklingar og nánasti aðstandandi tilkynnt alvarlegt atvik til embættisins. Einnig voru gerðar breytingar á ferli kvartana hjá embætti landlæknis.

Róbert fer yfir gæðastjórnunarkerfi spítalans og hvar spítalinn stendur með tilliti til gæðakerfa. Vinna þarf að samræmingu verklagsreglna þvert á spítalann, en afmarkaðar einingar eru sumar hverjar langt komnar. Stefnan er að byggja upp sameiginlegt og samræmt gæðakerfi fyrir spítalann. Kerfi sem nær yfir allan spítalann sem vinnur að því að stuðla að öryggi og skilvirkni þvert á spítalann. Nú er unnið að því að byggja upp réttu tólin til að ná þessu markmiði svo að hægt sé að innleiða skýr og skilvirka gæðafærla, eignarhald og ábyrgð séu skýr. Eignarhald og ábyrgð verður á hverri einingu fyrir sig en gæðadeildin til stuðnings. Uppbyggingin byggir á stöðlum og í framhaldinu verður tekin ákvörðun um hvort sótt verði vottun eða ekki. Vottanir munu byggjast upp í gegnum grunn-gæðafærlana.

Fer stuttlega yfir það hvernig stefnan í gæðamálum á stoð í þeim breytingum sem nú standa yfir á skipuriti stofnunarinnar en þær byggja á stjórnunarkerfi með áherslu á gæði og hægt er að tengja gæðakerfið við öll meginmarkmið skipulagsbreytinganna. Þannig styður uppbygging gæðakerfisins við þær stjórnskipulagsbreytingar sem unnið er að.

Stjórn telur þetta gott skref í rétta átt.

Stjórn óskar eftir upplýsingum um fjölda einstaklinga sem hafa halað niður Landspítala appinu.

Róbert og Elísabet víkja af fundi.

Önnur mál

Formaður fer yfir nokkur praktísk mál varðandi næstu fundi stjórnar. Ráðherra hafi áhuga á að hitta stjórnina í kringum næsta fund. Einnig farið yfir forföll á næstu fundum.

Fundi slitið 11:35.